

Ísafjarðarbær
b.t. Axel R. Överby
Skipulags- og byggingafulltrúi
Stjórnsýsluhúsinu
Hafnarstræti 1, Pósthólf 56
400 Ísafjörður

Hella 21. mars 2018
UST201802-287/J.S.J.
10.04.03

Umsögn Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og tillögu að deiliskipulagi, Naustahvilft

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa Ísafjarðarbæjar er barst 22. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og tillögu að deiliskipulagi fyrir Naustahvilft í Skutulsfirði.

Fram kemur í báðum tillögum að meginmarkmið þeirra er að bæta aðstæður fyrir gangandi vegfarendur, skilgreina útvistarsvæði og vinna að náttúruvernd með því að skilgreina gönguleiðir og vernda umhverfið fyrir átroðningi. Einnig kemur fram að þeim fer fjölgandi sem fara um þetta fallega göngusvæði enda er það aðgengilegt. Gönguleiðin upp í hvilftina tekur ekki langan tíma, stutt er frá þéttbýlinu á Ísafirði og útsýni úr hvilftinni er gott.

Skipulagssvæði

Fram kemur í tillögu að deiliskipulagi að ásýnd göngustígs skal vera eins náttúruleg og kostur er og efnisval skal ekki stinga í stúf við náttúrulegt umhverfi. Reiknað er með að stika stíginn og í hann verði borið efni og hann lagaður til með möl/grjóti eftir því sem ástæða er til. Breidd göngustígs verði ekki meiri en 1,2 metrar nema við áningarstaði. Umhverfisstofnun tekur undir að ásýnd göngustígsins skuli eins og kostur er, vera í samræmi við það umhverfi sem fyrir er og efnisvali háttarð þannig að það dragi úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Nauðsynlegt er að mati stofnunarinnar að huga að þeim roföflum sem til staðar eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Huga þurfi sérstaklega að því að leiða yfirborðsvatn frá og greina vel leiðar- og efnisval.

Fram kemur í tillögu að deiliskipulagi að lega stígsins skuli útfærð nánar á hönnunar og/eða framkvæmdastigi. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur viðamikla þekkingu á gerð náttúrustíga í líkingu við þann sem lýst er í tillögu að deiliskipulagi. Auðsótt er að fá leiðsögn stofnunarinnar á hönnun framkvæmdarinnar, en stofnunin leggur til að hönnun og útfærslu sé lokið áður en til framkvæmdar kemur.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að stofnunin stóð að gerð handbókar um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum í samstafi við Vatnajökulsþjóðgarð, Þingvallajökóðgarð og Ferðamálastofu varðandi fræðslu og leiðbeiningar fyrir aðila sem

standa að merkingum á ferðamannastöðum og náttúruverndarsvæðum. Má nálgast handbókina á eftirfarandi vefslóð

https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Sveitarfelog/Skiltahandbok/Handbok_31.01.11_sidur.pdf

Virðingarfyllst

Jón Smári Jónsson
Jon Smári Jónsson
Sérfræðingur

Kristín Ósk Jónasdóttir
Kristín Ósk Jónasdóttir
Sérfræðingur